


## Leiðbeiningar um notkun



## Vörulýsing

**Liko UniversalSling er grunngerð sem er hannað til að lagast að sjúklingnum án einstaklingsbundinna stillinga og er eitt mest notaða seglið okkar.**

UniversalSling býður upp á að setið sé upprétt í því og styður við allt bakið upp að hálsinum. Ef sjúklingurinn þarf stuðning fyrir höfuðið er ráðlagt að nota segl með háu baki, t.d. Original HighBack Sling Mod 200/210 eða Soft Original HighBack Sling Mod 26. Handleggjum sjúklingsins er haldið innan seglsins. UniversalSling sem komið er vandlega fyrir og með réttum hætti mun vera þægilegt fyrir sjúklinginn og veita honum sterka öryggistilfinningu.

### Stærðir

UniversalSling er fánlegt í mismunandi stærðum. Mikilvægt er að velja rétta stærð til að öryggi og þægindi verði sem mest. Segl sem er of stórt eykur hættuna á að sjúklingurinn renni út af því, og ef það er of lítið getur það skorist inn í nárann og valdið óþægindum.

Fyrir stærri sjúklinga gæti samsetning með TwinBar 670 verið góður kostur.

### Efni

UniversalSling er fánlegt í mismunandi gerðum af efnum. Þar sem UniversalSling er yfirleitt ekki skilið eftir undir sjúklingnum að flutningi loknum, þá er mælt með því að nota segl úr pólýester. Þetta efni er endingargott og er með litla núningismótstöðu sem gerir það auðvelt í notkun og auðvelt að fjarlægja það.

UniversalSling er einnig fánlegt úr net-pólýesterefni. Það er mælt með þessu efni þegar seglið er skilið eftir á sínum stað eftir flutninginn eða þegar óskað er eftir valkosti sem meira loftar um.

Fyrir notkun í baði og sturtu, er gerð úr plasthúðuðu neti fánleg, sem hleypir vatni í gegn og sem auðvelt er að þerra. Þetta efni þornar hratt og kælir ekki sjúklinginn á sama hátt og rakt, rakadrægt efni myndi gera.

Lyftiolar seglsins eru alltaf gerðar úr endingargóðu pólýester og eru mjög öruggar.

### Stoðir fyrir fótleggi

UniversalSling er fánlegt með stoðum fyrir fótleggi í ýmsum mismunandi gerðum. Algengastar eru stoðir fyrir fótleggi sem eru með styrkingu. Styrkingin býður upp á mikil þægindi, jafnar álag og kemur í veg fyrir að seglið krumpist undir lærunum.

Stoðir með mjúkum hlífum (gervigæruskinni) eru í baði sem aukabúnaður. Universal sling með stoðum sem eru með mjúkum hlífum hentar fyrir sjúklinga sem eru sérstaklega viðkvæmir fyrir álagi.

### Hentugir lyftarar

UniversalSling er hægt að nota með loft- og hreyfanlegum lyfturum. Þú getur valið á milli loftlyftanna LikoGuard™, Likorall™, og Multirall™ eða hreyfanlegu lyftanna Golvo™, Viking™, Uno™, og Liko™ M220/M230.

*Í þessu skjali er manneskjan sem verið er að lyfta kölluð sjúklingurinn og manneskjan sem hjálpar henni er kölluð umönnunaraðilinn.*



### MIKILVÆGT!






















Lyfting og flutningur á sjúklingi felur alltaf í sér ákveðna áhættu. Lestu leiðbeiningarnar fyrir bæði sjúklingalyftarann og lyftingaraukabúnað fyrir notkun. Mikilvægt er að skilja til fullnustu innihald leiðbeininganna fyrir notkun. Eingöngu þjálfað starfsfólk á að nota búnaðinn. Gakktu úr skugga um að lyftingaraukabúnaður henti fyrir lyftarann sem verið er að nota. Auðsýndu gætni og varúð meðan á notkun stendur. Sem umönnunaraðili berð þú ávallt ábyrgð á öryggi sjúklingsins. Þú verður að vera meðvitaður/meðvituð um getu sjúklingsins til að takast á við lyftiaðstæðurnar. Ef eitthvað er óskýrt skaltu hafa samband við framleiðandann eða birgðasalann.

# Efnisyfirlit

Lýsing á táknum .....	3
Öryggisleiðbeiningar .....	4
Umhirða og viðhald .....	5
Skilgreiningar .....	5
Hvernig tengja á segl við mismunandi herðatré .....	6
Hvernig tengja á UniversalSling við herðatré með 4 krókum (twin bar og cross bar) .....	7
Lyft úr sitjandi stöðu.....	8
Lyft í sitjandi stöðu .....	9
Segl fjarlægt úr stól/hjólástól .....	10
Lyft úr rúminu.....	10
Lyft í rúmið .....	11
Seglið fjarlægt þegar setið er í rúmi .....	11
Seglið fjarlægt þegar legið er í rúmi .....	11
Ráðleggingar varðandi það að koma seglinu fyrir	
Mismunandi leiðir til að tengja stoðir fyrir fætur.....	12
Sjúklingurinn situr ekki vel í seglinu – Hvers vegna er það? .....	12
Styttingarstaða .....	13
Aukabúnaður.....	13
Yfirlit yfir Liko UniversalSling, Mod. 000,.....	14
Ráðlagðar samsetningar .....	14

## Lýsing á táknum

Þessi tákn er að finna í þessu skjali og/eða á vörunni.

Tákn	Lýsing
	Viðvörðun. Notað þar sem þörf er á sérstakri aðgát og umhyggju.
	Lestu notkunarleiðbeiningarnar fyrir notkun
	Lestu notkunarleiðbeiningarnar fyrir notkun
	CE-merki
	Löglegur framleiðandi
	Framleiðsludagsetning
	Tilvísunarnúmer
	Raðnúmer
	Lækningabúnaður
	Ekki þurrhreinsa
	Ekki strauja
	Þurrkun í þurrkara
	Ekki vinda
	Þvottur Táknið er alltaf í samsetningu með ráðlögðu hitastigi í °C og °F.
	Án latex
	Reglubundin skoðun
	Engin bleikiefni
	Látið þorna á snúru í skugga
	Snýr upp á við og tákn utan á búnaði.
	Tákn utan á búnaði.
 (01) 0100887761997127 (11) AÁMMDD (21) 012345678910	GS1 Gagnafylkisstrikamerki sem kann að innihalda eftirfarandi upplýsingar. (01) GTIN-númer (e. Global Trade Item Number) (11) Framleiðsludagsetning (21) Raðnúmer

# Öryggisleiðbeiningar

## ⚠ Áður en þú lyftir skaltu hafa eftirfarandi atriði í huga:

- Ábyrg manneskja innan þinnar stofnunar ætti að ákveða á grundvelli hvers tilviks fyrir sig hvort þörf er á einum eða fleiri umönnunaraðilum.
- Tryggðu að valið segl mæti þörfum sjúklingsins hvað varðar gerð, stærð, efni og hönnun.
- Heildarhámarksþyngd fyrir lyftarakerfi er alltaf ákvarðað af þeirri vöru í kerfinu sem hefur lægstu tilgreindu hámarksþyngdina.
- Af öryggis- og hreinlætisástæðum skal nota sérstök segl fyrir hvern sjúkling.
- Skipuleggðu lyftiaðgerðina þannig að hægt sé að gera hana eins örugglega og hnökralaust og mögulegt er.
- Athugaðu að lyftingaraukabúnaður hangi lóðrétt og geti hreyfst frjálsglega.
- Þrátt fyrir að Liko-herðatré séu búin krækjum verður að sýna sérstaka varúð. Áður en sjúklingnum er lyft af undirliggjandi fleti, en þegar ólarnar hafa verið teygðar út til fulls, skal ganga úr skugga um að ólarnar séu almennilega tengdar við króka herðatrésins.
- Gættu þess að sjúklingurinn sitji með öruggum hætti í seglinu áður en hann er fluttur á annan stað.
- Aldrei skal lyfta sjúklingi hærra upp af undirliggjandi fleti en nauðsynlegt er til að ljúka við lyftingu og flutning.
- Aldrei skilja sjúkling eftir án eftirlits meðan á lyftingu stendur.
- Gakktu úr skugga um að hjólin á hjólastólnum, rúminu, sjúkravagninum, o.s.frv., séu læst meðan á lyftingu/flutningi stendur.
- Alltaf skal vinna vinnuvistfræðilega. Notaðu getu sjúklingsins til að taka virkan þátt í aðgerðunum.
- Þegar ekki er verið að nota seglið skal ekki setja það í beint sólarljós.

## ⚠ Röng festing á segli við herðatré getur valdið miklu líkamstjóni hjá sjúklingnum.

## ⚠ Að snúa sjúklingi með höndum í rúmi getur skaðað umönnunaraðilann.

☺ ☺ Lækningatæki í flokki 1 Vara

EINKALEYFI [www.hillrom.com/patents](http://www.hillrom.com/patents)

Getur verið varið með einu eða fleiri einkaleyfum. Sjá veffang hér að ofan.

Hill-Rom-fyrirtækin eru eigendur evrópskra, bandarískra og annarra einkaleyfa og einkaleyfisumsókna í bið.

## Breytingar á vöru

Liko-vörurnar eru í stöðugri þróun, þess vegna áskiljum við okkur rétt til að gera breytingar á vöru án fyrirvara. Hafðu samband við fulltrúa Hill-Rom til að fá ráðleggingar og upplýsingar um uppfærslu á vörum.


## Design and Quality by Liko in Sweden

Liko er gæðavottað samkvæmt ISO 9001 og jafngildi þess fyrir lækningatækjaiðnaðinn, ISO 13485.

Liko er einnig vottað samkvæmt umhverfisstaðlinum ISO 14001.

## Tilkynning til notenda og/eða sjúklinga innan ESB


Öll alvarleg atvik sem hafa átt sér stað í tengslum við búnaðinn, skal tilkynna framleiðandanum og lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu þar sem notandinn/sjúklingurinn býr.



## Fyrir fyrstu notkun

Áður en seglið er notað í fyrsta skipti, skal merkja dagsetninguna (ár og mánuð) á merkimiðanum "First use" (staðsettur undir merkimiðanum "Perform Inspection"), sjá dæmið hér að neðan. Merkingin er gerð með því að klippa grænu þræðina í viðeigandi ferningum. Þræðirnir eru klipptir með því að klippa einu sinni í miðjuna á ferningnum. Ekki klippa þræðina alveg í burtu - láttu endana á þeim vera eftir.

Dæmi: Febrúar 2014



Klipptu þræðina í miðjunni á ferningnum.



# Umhirða og viðhald

Athugaðu seglið fyrir hverja notkun. Athugaðu eftirfarandi atriði með tilliti til slits og skemmda:

- Efni
- Ólar
- Sauma
- Upphengilykkjur

**⚠ Notaðu ekki skemmdan aukabúnað fyrir lyftingar.**

Ef eitthvað er óskýrt skaltu vinsamlegast hafa samband við framleiðandann eða birgðasalann.

**Ef seglið er notað fyrir það eða sturtu:** Eftir notkun í baði og sturtu ætti að setja seglið þar sem það þornar eins fljótt og mögulegt er.

**Þvottaleiðbeiningar:** Skoðaðu vörumerkimiða seglsins og viðhengdan viðauka „Umhirða og viðhald á Liko-seglum“.

## Reglubundin skoðun

Vöruna þarf að skoða að lágmarki á sex mánaða fresti. Hugsanlega er þörf á tíðari skoðunum ef vörur eru notaðar eða þvegnar oftar en vanalega. Sjá verklýsingu Liko "Reglubundin skoðun á Liko textílvörum". Hafðu samband við fulltrúa Hill-Rom til að fá verklýsingu.

## Væntanlegur endingartími

Ef varan er gerð úr grænu ofnu pólýesterefni, er væntanlegur endingartími vörunnar 5 ár. Ef varan er gerð úr plasthúðuðu neti eða gráu net-pólýesterefni, er væntanlegur endingartími vörunnar 3 ár. Væntanlegur endingartími miðast við að varan sé notuð 10 sinnum á dag og sé þvegin einu sinni í viku, samkvæmt þvottaleiðbeiningunum. Hill-Rom ráðleggur að varan sé eingöngu notuð yfir það tímabil sem væntanlegur endingartími nær yfir.


## Leiðbeiningar um endurvinnslu


Alla hluti vörunnar, þ.m.t. stoðir, hlífðarefni o.s.frv. skal flokka sem brennanlegan úrgang.

Hill-Rom metur og býður upp á tilsögn fyrir notendur sína um örugga meðhöndlun og förgun á búnaði sínum til að aðstoða við að koma í veg fyrir líkamstjón, þar með talið, en ekki takmarkað við: skurði, stungur á húðinni, skrámur, og alla hreinsun og sóttgreinsun á lækningabúnaðinum sem þörf er á eftir notkun og fyrir förgun. Viðskiptavinur skulu fara eftir öllum alríkis-, svæðis- og/eða staðarlögum og reglugerðum varðandi örugga förgun á lækningabúnaði og aukabúnaði.
















Ef notandi búnaðarins er í vafa skal hann fyrst hafa samband við tækniþjónustu Hill-Rom til að fá leiðbeiningar um örugga aðferð við förgun.

## Skilgreiningar




1. Merkimiði vöru
2. Merkimiði: Framleiðsluár og mánuður (  )
3. Merkimiði: Raðnúmer
4. Merkimiði: Einstaklingsmerking (Belongs to)
5. Merkimiði: Athuga og skoða (Perform Inspection)
6. Merkimiði: Fyrsta skipti sem varan er notuð (First Use)
7. Efri ólarlykkja
8. Handfang
9. Stoð fyrir fótleggi
10. Styttarstaða
11. Ytri lykkja á stoð fyrir fótleggi
12. Neðri brún
13. Bakól fyrir miðju
14. Stærðarmerking






## Hvernig tengja á segl við mismunandi herðatré

Herðatré	Segllykkjur tengdar við króka á herðatré	Rétt
 <p data-bbox="193 499 357 533">SlingGuard™</p>		
 <p data-bbox="213 790 341 824">Universal</p>		
 <p data-bbox="161 1070 389 1104">SlingGuard™ Twin</p>		
 <p data-bbox="177 1368 373 1402">Universal Twin</p>		
 <p data-bbox="213 1671 341 1704">Cross-bar</p>		


### Dæmi: Röng notkun



## Hvernig tengja á UniversalSling við herðatré með 4 krókum (twin bar og cross-bar)


 <p>A Efri ólarlykkjur</p> <p>B Lykkjur á stoðum fyrir fótleggi</p>	<p>1.</p>  
<p>2.</p> 	<p>3.</p>  <p>Teikningarnar 1, 2 og 3 sýna twin bar en þetta á einnig við um Cross-bar.</p>

## Lyft úr sitjandi stöðu




Settu seglið aftur fyrir bak sjúklingsins þannig að vörumerkið snúi út. Brettu neðri brúnina á seglinu utan yfir fingurna á þér til að auðveldara sé að stýra seglinu á réttan stað.

Ýttu neðri brún seglsins með lófanum niður að rófubeini sjúklingsins - þetta er mjög mikilvægt. Athugið: það er auðveldara að koma seglinu fyrir ef sjúklingurinn hallar sér aðeins fram/er hallað aðeins fram.




Togaðu stoðirnar fyrir fótleggi á seglinu fram meðfram lærum sjúklingsins. Settu lófann á höndinni á þér á milli líkama sjúklingsins og seglsins og togaðu neðri brúnina á stoðinni fyrir fótlegginn niður í átt að sætinu. Togaðu á sama tíma stoðina fyrir fótlegginn fram með hinni hendinni til að teygja hana út.

Togaðu stoðirnar fyrir fótleggi fram til að slétta allar krumpur á bakinu. Passaðu að báðar stoðirnar fyrir fótleggi nái jafnlangt fram. Athugið: Með því að halda gætilega undir hnéskelina verður auðveldara að toga stoðirnar fyrir fótleggina fram.



Settu stoðirnar fyrir fótleggi undir hvort læri. Gakktu úr skugga um að efnið sé slétt og að það nái almennilega utan um fótlegginn. **Athugið:** Það auðveldar notkun á stoðunum fyrir fótleggi ef fótleggjum sjúklingsins er lyft órlítið úr sætinu. Þetta er hægt að gera með því að setja fætur sjúklingsins á fótaskemil eða þinn eigin fótlegg, eins og sýnt er á myndinni.

Undirbúðu að tengja stoðirnar fyrir fótleggina. Algengasta aðferðin við að nota seglið er með krosslögðum stoðum fyrir fótleggi. Til að sjá annarskonar aðferðir, sjá bls. 12.




**Athugið:** Passið að allar upphengilykkjur séu jafnlangar, þ.e. að þær séu jafnháar þegar teygð er á þeim fyrir lyftingu. Breytið stöðunni á seglinu ef þær eru ekki jafnháar.

Tengdu fyrst efri ólarlykkjurnar við krókana á herðatrénu og síðan lykkjurnar á stoðunum fyrir fótleggi. Á bls. 6-7 eru leiðbeiningar um hvernig á að festa lykkjurnar á seglinu við mismunandi herðatré. Lyftu sjúklingnum.



## Lyft í sitjandi stöðu

Þegar sjúklingur er settur í hjólastól er mikilvægt að sjúklingurinn komist nægilega langt aftur í stólinn til að sitja vel. Þetta er hægt að gera á nokkra vegu.




*Þegar sjúklingur er settur í hjólastól:* Hallaðu stólnum aftur þegar sjúklingurinn er látinn síga niður. Láttu rasskinnarnar renna niður eftir bakinu við lokahluta aðgerðarinnar. Stjórnaðu hallahorninu á hjólastólnum með því að hafa fótinn á þér á veltistöðinni.

*Valkostur:* Beittu lítilsháttar þrýstingi undir hné sjúklingsins á meðan sjúklingurinn er látinn síga niður, þannig að rasskinnunum sé stýrt aftur í átt að baki stólsins. Ef það eru handföng á seglinu er hægt að nota þau til að stýra.

**⚠ Ekki nota handföngin til að lyfta! Sé of miklu afli beitt á handföngin getur það valdið því að seglið rifni.**

## Segl fjarlægð úr stól/hjólastól

Það er ráðlagt að fjarlægja seglið þegar flutningi er lokið. Ef það er einhverra hluta vegna æskilegt að skilja seglið eftir í stólnum eftir flutning er mælt með notkun segls úr net-pólýester.



Fjarlægðu gætilega stoðirnar fyrir fótleggi. Þægilegasta leiðin til þess er að toga lykkjurnar á stoðunum fyrir fótleggi út undir efnishlutann.

Fjarlægðu seglið með því að toga stoðina fyrir fótleggi varlega upp.


## Lyft úr rúminu

Það er hægt að nota seglið á mismunandi vegu eftir því hvernig ástand sjúklingsins er. Það er annaðhvort notað með sjúklinginn liggjandi í rúminu eða sitjandi í rúminu. Ef notuð er vönduð dýna sem hægt er að minnka þrýsting á, þá getur hjálpað að blása hana upp að fullu til að auðveldara sé að koma seglinu fyrir.

Mundu að huga að vinnustellingunni hjá þér og þægindum sjúklingsins. Notaðu stillingarnar á rúminu til að hækka og lækka það. Góð vinnustelling næst þegar dýnan er í flútti við hnúana á umönnunaraðilanum þegar handleggirnir eru alveg niðri. Það verður að meta það í hverju tilvikinu fyrir sig, hversu marga umönnunaraðila þarf í hverja aðgerð.


### Seglið sett á þegar legið er í rúmi

Til að lyfta úr liggjandi stöðu þar sem ekki er möguleiki á að hækka höfðalagið á rúminu eða styðja við höfuðið með öðrum hætti, þá er mælt með því að nota Liko Soft Original HighBack Sling Mod. 26, eða að öðrum kosti Liko Original HighBack Sling Mod. 200, 210, sem öll bjóða upp á stuðning fyrir höfuðið.



Snúið sjúklingnum á hliðina. Þessi aðgerð er auðveldari ef sjúklingurinn sjálfur getur hjálpað til með því að grípa í grindina á rúminu á þeirri hlið sem hann á að snúa í. Settu brúnina á seglinu við bakið á sjúklingnum þannig að neðri brúnin sé í flútti við rófubeinið.

Brjóttu seglið saman þannig að "bakólin fyrir miðju" sé við hrygg sjúklingsins. Passið að brotið nái yfir brúnina á seglinu sem er við bakið á sjúklingnum til að draga úr núningi. Snúið sjúklingnum varlega til baka og togið seglið út á hinni hliðinni. Ef þessi aðferð er notuð þarf aðeins að snúa sjúklingnum einu sinni.



Settu stoðirnar fyrir fótleggi inn undir hvorn fótlegg. Best er að gera þetta með því að þrýsta stoðinni fyrir fótlegginn niður á dýnuna þegar hún er sett undir hnéð. Gakktu úr skugga um að efnið sé slétt og að það nái almennilega utan um fótlegginn. Stoðirnar fyrir fótleggi er hægt að tengja á mismunandi vegu, sjá bls. 12.

Hækkaðu upp höfðalagið á rúminu. Tengdu fyrst efri ólarlykkjurnar við krókana á herðatrénu, síðan lykkjurnar á stoðunum fyrir fótleggi. Á bls. 6-7 er hægt að sjá leiðbeiningar um hvernig á að festa lykkjurnar á seglinu við mismunandi herðatré. Lyftu sjúklingnum.

### Seglið sett á þegar setið er í rúmi


Hækkaðu höfðalagið á rúminu aftan við sjúklinginn. Leggðu seglið á rúmið þannig að vörumerkið snúi niður í átt að dýnunni. Renndu seglinu niður fyrir aftan bakið á sjúklingnum þannig að neðri brúnin sé í flútti við rófubeinið. **Ath.!** Þessi aðgerð er auðveldari ef sjúklingurinn hallar sér fram/er hallað fram.

## Lyft upp í rúmið

Það er ráðlagt að fjarlægja seglið þegar flutningi er lokið. Ef það er einhverra hluta vegna æskilegt að skilja seglið eftir í rúminu eftir flutning er mælt með notkun segls sem gert er úr net-pólýester.

Mundu að huga að vinnustellingunni hjá þér og þægindum sjúklingsins. Notaðu stillingarnar á rúminu til að hækka og lækka það. Góð vinnustelling næst þegar dýnan er í flútti við hnúana á umönnunaraðilanum þegar handleggirnir eru alveg niðri. Það verður að meta það í hverju tilviki fyrir sig, hversu marga umönnunaraðila þarf í hverja aðgerð.

### Seglið fjarlægt þegar setið er í rúmi




Staðsettu sjúklinginn fyrir ofan rúmið. Hækkaðu upp höfðalagið á rúminu til að auka þægindi sjúklingsins. Láttu sjúklinginn síga niður í rúmið.

Fjarlægðu stoðirnar fyrir fótleggi með því að toga lykkjurnar á stoðunum fyrir fótleggi úr undir efnishlutann. **Athugið:** Það er auðveldara að gera þetta ef fótleggir sjúklingsins eru beygðir.


Fjarlægðu seglið með því að toga aðra stoðina fyrir fótleggi aftur fyrir seglið og yfir á gagnstæða hlið.

### Seglið fjarlægt þegar legið er í rúmi



Staðsettu sjúklinginn fyrir ofan rúmið. Hækkaðu upp höfðalagið á rúminu til að auka þægindi sjúklingsins. Láttu sjúklinginn síga niður í rúmið. Láttu höfðalagið síga niður.

Settu lykkjurnar á stoðunum fyrir fótleggi undir stoðirnar sem eru á milli fótleggja sjúklingsins.




Gríptu í brúnina á seglinu. Ýttu seglinu undir það sjálft. Þrýstu seglinu upp að dýnunni og undir sjúklinginn.

Snúðu sjúklingnum gætilega á hliðina. Gríptu í seglið að neðanverðu og fjarlægðu það gætilega.

## Ráðleggingar varðandi það að koma seglinu fyrir

### Mismunandi leiðir við að tengja stoðir fyrir fótleggi

Áður en tengingarvalkostur er valinn ætti að framkvæma einstaklingsbundið mat til að sjá fyrir mögulega áhættuþætti.



#### Krosslagðar stoðir fyrir fótleggi.

Þetta er algengasta aðferðin við að nota seglið. Önnur lykkjan á stoð fyrir fótleggi er sett í gegnum hina áður en lykkjurnar eru tengdar við herðatréð.

#### Skörun undir bæði læri.


Þetta getur vera viðeigandi, til dæmis þegar verið er að lyfta sjúklingi sem misst hefur fótleggi. **Athugið:** Til að koma í veg fyrir að sjúklingurinn halli of mikið aftur þegar hann situr, er hægt að festa lengingarlykkjur (Extension Loops) við lykkjurnar á stoðunum fyrir fótleggi.

#### Hvor stoð fyrir fótleggi tengd með aðskildum hætti við herðatréð.

Þetta getur verið viðeigandi þegar sjúklingum með sérstaklega viðkvæm kynfæri er lyft.

**⚠️ Aukin hættu á að renna út af.**

### Sjúklingurinn situr ekki vel í seglinu – Hvers vegna er það?




**A. Hætta á að renna út af.** Rasskinnarnar hanga niður. Seglið kann að vera of stórt. Þetta kann einnig að vera vegna þess að seglið hefur ekki verið togað nægilega langt niður eftir baki sjúklingsins.

Fyrir lyftingu skal athuga að neðri brúnin sé teygð út og að efnið nái almennilega utan um fótleggina.

**B. Of lítið segl** getur valdið því að stoðir fyrir fótleggi skerist upp í klofið og valdi óþægindum, að herðatréð sé of nálægt andlitinu og/eða bakinu til að fá nægilegan stuðning.

Neðri brúnin á seglinu er í sömu hæð og rófubeinið. Stoðirnar fyrir fótleggi eru rétt staðsettar undir fótleggjunum.

## Styttingarstaða



Seglið okkar er vandlega hannað til að tryggja að sjúklingurinn sitji alltaf þannig að álagi sé dreift vel á milli fótleggja- og bakhluta til að það sé góður stuðningur á meðan flutningi stendur. Í vissum tilfellum getur hinsvegar verið ákjósanlegra að nota innri stillinguna, „styttingarstöðuna“, á lykkjunni á stoðinni fyrir fótlegginn til að breyta því hvernig sjúklingurinn situr.


**Athugið:** Þetta á **ekki** við ef þú ert með eldri gerð af UniversalSling, Mod. 00/02, með eldri hönnun á styttingarstöðunni. Til að fá lýsingu á styttingarstöðunni fyrir Mod. 00/02, vinsamlegast hafðu samband við Hill-Rom til að fá leiðbeiningar um notkun á þeirri gerð.

Í tilfellum þegar styttingarstaða er notuð, er mælt með því að þú tengir einnig ytri lykkjuna á stoðinni fyrir fótlegginn við krókinn á herðatrénu til að hafa betri sjónræna stjórn á lykkjunum.

## Fylgihlutir

Extension Loop, græn, 12 cm (5 tommur)  
Extension Loop, græn 22 cm (9 tommur)  
Extension Loop, grá, 12 cm (5 tommur)  
Extension Loop, grá, 22 cm (9 tommur)

Vörunr. 3691102  
Vörunr. 3691103  
Vörunr. 3691302  
Vörunr. 3691303




- 2 = 12 cm (5 tommur)  
- 3 = 22 cm (9 tommur)

# Yfirlit yfir Liko UniversalSling, Mod. 000

Vara	Vörunr.	Stærð	Þyngd sjúklings <sup>1</sup>	Hám. þyngd <sup>2</sup>
Liko UniversalSling	35000--4	S	35-55 kg (77-121 pund)	200 kg (440 pund)
Liko UniversalSling	35000--1	M-Slim (grannur fullorðinn)	45-70 kg (99-154 pund)	200 kg (440 pund)
Liko UniversalSling	35000--5	M	60-90 kg (132-198 pund)	200 kg (440 pund)
Liko UniversalSling	35000--6	L	80-120 kg (176-264 pund)	200 kg (440 pund)
Liko UniversalSling	35000--7	XL	110- kg (242- pund)	200 kg (660 pund)

<sup>1</sup> Uppgefin þyngd sjúklings er aðeins til viðmiðunar – það kunna að vera frávik.

<sup>2</sup> Til að viðhalda hámarksþyngd er þörf á lyftara/aukabúnaði sem ætlaður er fyrir sömu þyngd eða meiri.



## Ráðlagðar samsetningar:

Ráðlagðar samsetningar Liko™ UniversalSling og Liko-herðatrjá:	Mini 220	Sling bar 350 <sup>3</sup>	Sling bar 450 <sup>1</sup>	Sling bar 600 <sup>4</sup>	Twin bars 670 <sup>2</sup>	Sling Cross-bar 450	Sling Cross-bar 670	Univ. Side bars + Universal 350	Univ. Side bars + Universal 450
UniversalSling, S	3	2	1	3	2	1	2	2	2
UniversalSling, M-Slim	3	2	1	3	1	1	1	1	1
UniversalSling, M	3	2	1	3	1	1	1	1	1
UniversalSling, L	3	2	1	1	1	1	1	1	1
UniversalSling, XL	3	3	2	1	1	1	1	1	1

<sup>1</sup> Sling bar 450 tengist Universal SlingBar 450 Vörunr. 3156075, 3156085, og 3156095, SlingBar Standard 450 Vörunr. 3156001, 3156003, 3156007, og 3156016, og einnig SlingGuard 450 Vörunr. 3308020 og 3308520.

<sup>2</sup> Twin bars 670 tengist Universal TwinBar 670 Vörunr. 3156077, og 3156087, og einnig SlingGuard 670 Twin Vörunr. 3308040 og 3308540.

<sup>3</sup> Sling bar 350 tengist Universal SlingBar 350 Vörunr. 3156074, 3156084, og 3156094.

<sup>4</sup> Sling bar 600 tengist Universal SlingBar 600 Vörunr. 3156076 og 3156086.

Útskýring: 1 = Ráðlagt, 2 = Kann að virka, 3 = Ekki ráðlagt, 4 = Óviðeigandi

## Aðrar samsetningar

Samsetning auðabúnaðar/vara annarra en þeirra sem Liko ráðleggur getur skapað hættu fyrir sjúklinginn.



www.hillrom.com

Liko AB  
Nedre vägen 100  
975 92 Luleå, Sweden  
+46 (0)920 474700

Enhancing outcomes for  
patients and their caregivers:

**Hill-Rom**

Liko AB is a subsidiary of Hill-Rom Holdings, Inc.